

Sp.

226. Tillaga til þingsályktunar

[199. mál]

um sparnað í fjármálakerfinu.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir sparnaði í fjármálakerfinu. Skal stjórnin, að loknu jólaleyfi alþingismanna, leggja fram tillögur um fækkun starfsmanna ríkisbanka, Framkvæmdastofnunar ríkisins og opinberra sjóða um allt að fimmta hluta og samræmdar aðgerðir til sparnaðar og hagkvæmari rekstrar, þ. á m. um sameiningu lánastofnana, skorður við óhóflegum byggingum og fækkun afgreiðslustöðva.

Greinargerð.

Páltill. þessi var flutt á 99. löggjafarþinginu 1977 og er nú endurflutt óbreytt, nema í stað fækkunar um tíunda hluta komi fimmta hluta. Till. fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

„Alþjóð er ljóst að nú er þörf aðhaldsaðgerða í fjármálum. Sú kaldhæðnislega staðreynd blasir þó við að fjármálastofnanir hafa þanist einna mest út allra ríkisfyrirtækja á sama tíma sem sparifjármyndun minnkar. Leiðir hér sem oftast óstjórn af ofstjórn. Við þetta verður ekki unað.

Tillögumönnum er ljóst að meðal stjórnenda bankamála eru ýmsir hæfileikamestu menn þessarar þjóðar. Flutningur þessa máls er ekki aðför að þeim heldur liðveisla við þá, enda engum ljósara en þeim hvar skórin kreppir. Þó bendir flest til þess að aðgerðir á borð við þær, sem hér er lagt til að ríkisstjórnin hafi forustu um, séu nauðsynlegar, ef úrlafkreppunni á að brjótast.

Eftirspurn lánsfjár er ótakmörkuð við ríkjandi lánskjör. Bankar hafa einn og sama verðmæli, óraunhæfan verðmæli. Samkeppni þeirra verður því um það eitt að ná til sín stærri hlutdeild sparifjárins. Herkostnaðurinn í stríðinu við að afla auranna vex, verðmætaaukning er engin, en kostnaðaraukning mikil. Hagur viðskiptamanna versnar við þá andhverfu heilbrigðrar samkeppni sem hér er á ferðinni og aðstaða skömmunarstjóra nútímans er ekki aðlaðandi.

Sjóðakerfið og hagstjórnarbáknið í heild þarf líka að taka til gagngerðrar endurskoðunar, enda enginn efi á því að þann frumskóg má grisja, engum til meins en öllum til góðs. Þessi aðgerð þyrfti að spanna allt sviðið, frá Þjóðhagsstofnun til minnsta sjóðsins.

Játað skal að hægara er hér um að tala en í að komast. Tilraunina ber þó að gera. Kanske ber hún takmarkaðan árangur — þá er að taka því. En enginn héraðsbrestur yrði þótt markmiðunum, sem tillagan miðar að, yrði að fullu náð.“

Greinargerð þessi stenst í nær öllu enn í dag. Þó má segja að í stað óraunhæfs verðmælis hafi komið síharðnandi skömmunarstjórn í peningamálum sem bitnar á atvinnuvegunum og heimilum.